

# Skilmálar Skeytamiðlunar Advania

Hér á eftir fara skilmálar sem gilda um notkun og aðgang viðskiptavina (hér eftir „kaupandi“) að pósthúsi Advania (hér eftir „seljandi“ eða „Advania“) fyrir rafræn skeyti (hér eftir „skeytamiðlun“ eða „Skeytamiðlun Advania“).

Um þjónustuna gilda einnig almennir viðskiptaskilmálar Advania sem hægt er að finna á meðfylgjandi slóð: <https://advania.is/skilmalar>. Þjónustuskilmálar þessir teljast sértækir skilmálar gagnvart almennum viðskiptaskilmálum Advania.

Advania áskilur sér einhliða rétt til að breyta skilmálum þessum. Advania mun tilkynna kaupanda um breytingar á skilmálunum með 30 daga fyrirvara.

## 1. Almenn um Skeytamiðlun Advania

Skeytamiðlun Advania er miðlægt kerfi til flutnings á rafrænum skeytum sem send eru og móttakin af þeim sem kaupa aðgang að kerfinu. Þjónusta Skeytamiðlunar Advania byggir á Peppol viðskiptanetinu, en Peppol viðskiptanetið gerir stjórnvöldum og fyrirtækjum kleift að senda rafræn skjöl til móttakenda í öllum þeim löndum sem Peppol starfar.

## 2. Gildissvið og gildistaka

Skilmálar þessir eru gerðir á grundvelli samnings milli Advania og kaupanda um skeytamiðlun. Með samningnum veitir Advania kaupanda aðgang að Skeytamiðlun Advania gegn endurgjaldi.

Skilmálarnir taka gildi gagnvart kaupanda þegar viðkomandi samþykkir skilmála Skeytamiðlunar Advania í fyrsta skiptið. Gildandi útgáfu þeirra má ávallt finna á vefsíðu Skeytamiðlunar Advania.

Ef kaupandi er lögaðili skal sá aðili sem samþykkir skilmálana fyrir hönd lögaðilans hafa stöðumboð eða aðra heimild til að skuldbinda kaupanda og skulu skilmálar þessir þá bæði gilda fyrir kaupanda og fyrir þá aðila á vegum kaupanda sem aðganginn nýta (hér eftir „notendur“).

## 3. Skilgreiningar

Eftirtalin hugtök hafa svofellda merkingu þar sem þau koma fyrir í skilmála þessum:

- *Advania/Seljandi*: er félagið Advania Ísland ehf., kt. 590269-7199.
- *Kaupandi*: er einstaklingur eða lögaðili sem hefur á grundvelli samnings við Advania aðgang að Skeytamiðlun Advania. Kaupandi er auðkenndur og skilgreindur aðili sem ber ábyrgð á innihaldi þeirra skeyta sem miðlað er um netið.
- *Notandi*: Með hugtakinu notandi er átt við hvern þann einstakling sem notar þjónustu Skeytamiðlunar Advania. Heimild til aðgangs er bundinn aðgangi kaupanda að Skeytamiðlun Advania. Notandi þarf að vera sjálfráða og fjárráða.
- *Peppol viðskiptanet (e. Peppol eDelivery Network)*: Safn verkfæra og forskrifta sem gerir miðlun á rafrænum innkaupaskjólum á milli ólíkra efnahagssvæða, skv. tækniumgjörðum Peppol, örugg og áreiðanleg. Hönnun, umgjörð, tækniröfur og notkun Peppol er stjórnað af marghliða samningsskipulagi sem er í eigu og viðhaldið af OpenPeppol. OpenPeppol eru alþjóðasamtök sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni. Sjá nánar [www.peppol.org](http://www.peppol.org).
- *Peppol Þjónustuveitandi (e. Peppol Service Provider)*: Lögaðili sem hefur heimild til að bjóða upp á þjónustur Peppol í samræmi við þær kröfur sem fylgja Peppol samningi fyrir þjónustuveitendur.
- *Rafrænt skeyti*: Með hugtakinu er átt við tölvulesanleg skjöl, t.d. XML skjöl. Advania er áskilinn réttur til að ákveða hvaða skeytategundir eru gjaldengar í kerfinu á hverjum tíma.
- *Skeytamiðlun Advania*: er átt við þær þjónustur, viðmót og vefi sem nálgast má á vefsíðunum

skeyti.advania.is, skeytamidlun.is og skuffan.is.

- *Skeytamiðlun*: er heild þess vélbúnaðar, netbúnaðar, gagnatenginga, gagnagrunna, stýrikerfa vélbúnaðar og hugbúnaðar sem Advania hýsir miðlægt og veitir aðgengi að samkvæmt samningi milli aðila og skilmálum þessum um Skeytamiðlun Advania.

#### 4. Aðgangur kaupanda að Skeytamiðlun Advania

Með Skeytamiðlun Advania geta notendur sent og móttakið rafræn skeyti, í skilgreindum tækniungjörðum, meðal viðskiptavina Skeytamiðlunar Advania og aðila sem eru í þjónustu hjá öðrum Peppol þjónustuveitendum.

Kaupandi fær rafrænt auðkenni afhent fyrir hverja skráða kennitölu sem tilheyrir kaupanda og einn eða fleiri kerfisnotendur til að auðkenna aðgerðir gagnvart þessum auðkennum.

Viðmiðunarstærð hvers þeirra skeyta sem tekið er við eða send út í Skeytamiðlun Advania er 50 kB. Fari stærð skeytis yfir viðmiðunarstærð er innheimt gjald samkvæmt gjaldskrá fyrir hvert 50 kB umfram viðmiðunarstærð.

Advania er heimilt að hafa eftirlit með rafrænum skeytum, t.d. til að tryggja rétt form þeirra og leita leiða til að koma í veg fyrir að vandkvæði leiði af skeytum sem ekki eru rétt formuð eða innihalda ólögmetar upplýsingar. Ef sending skeyta fer ekki fram með eðlilegum hætti að mati Advania hefur félagið heimild til að takmarka eða loka fyrir aðgang kaupanda að kerfinu.

##### 4.1. Sending rafrænna skeyta

Kaupandi ber ávallt ábyrgð gagnvart Advania á að skeyti sem hann sendir uppfylli þá tækniungjörð sem skeytið er í. Skeyti sem ekki uppfylla þær kröfur kunna t.d. að glatast eða verða send öðrum en þeim sem til stóð að senda þau og ber sendandi einn alfarið ábyrgð á því. Einnig áskilur Advania sér heimild til að hafna skeytum sem uppfylla ekki kröfur um tækniungjörð eða ef móttakandi tekur ekki við rafrænum skeytum. Kaupandi ber jafnframt fulla ábyrgð á efnislegu innihaldi skeytanna sem send eru til móttakanda, þar með talið að tryggja fylgni við viðeigandi lög hverju sinni sem og að bera ábyrgð á hvers kyns skuldbindingum í viðskiptalegu tilliti sem af sendingu skeyta kann að leiða.

##### 4.2. Móttaka rafrænna skeyta

Kaupandi getur sótt og uppfært stöðu þeirra skeyta sem honum hafa verið send í gegnum forritaskil (e. API).

#### 5. Miðlun og varðveisla gagna

Advania afritar og geymir skjöl sem falla undir gildissvið laga um bókhald nr. 145/1994, t.a.m. reikninga og/eða kreditreikninga, og varðveitir í sjö ár með öllum þeim rekjanleika sem því fylgir nema um annað sé samið. Önnur skeyti eru varðveitt í að lágmarki 90 daga nema um annað sé samið.

Advania er heimilt að veita Peppol yfirvaldi og/eða yfirráði samhæfingar hjá Peppol (e. Peppol Coordinating Authority) aðgengi að tölfraðilegum upplýsingum, í þeim tilgangi að Peppol yfirvöld geti gengið úr skugga að Advania fari eftir samningsskuldbindingum sínum.

Advania skal vera óheimilt að safna, dreifa eða gera þriðja aðila aðgengilegt innihald rafrænna skeyta, eða tengdum lýsigögnum þeirra, að öðru leyti en að því marki sem nauðsynlegt er til að reka Peppol viðskiptanetið eins og krafist er samkvæmt skilmálum þessum og samningi milli aðila um aðgang að Skeytamiðlun Advania, eða samkvæmt fyrirmælum kaupanda, eða samkvæmt lögum sem gilda um Advania í hlutverki þjónustuveitanda.

#### 6. PEPPOL viðskiptanetið

Peppol viðskiptanet er öruggt, alþjóðlegt net sem gerir stjórnvöldum og fyrirtækjum kleift að senda og taka á móti rafrænum skeytum um allan heim á öruggan hátt. Advania, í hlutverki viðurkennds Peppol þjónustuveitanda, veitir kaupendum aðgang að Peppol viðskiptanetinu og þeirri þjónustu sem tengist Peppol, fyrir hönd eða í þágu notenda.

Notendur viðskiptanetsins bera kennsl á hvern annan með Peppol auðkennum/endapunktum

(ICD listinn innan ISO 6523). Kennitala útgefin af skattyfirvöldum eða Þjóðskrá Íslands er notuð sem Peppol auðkenni fyrir íslenska aðila.

Allir sem vilja geta móttengið rafræn skeyti verða skráðir á Peppol viðskiptanetið til að þeir geti nýtt sér að fullu þjónustu skeytamiðlunar. Með samþykki skilmála þessara veitir kaupandi Advania umboð til að skrá auðkenni kaupanda á Peppol viðskiptanetið. Þegar aðili hefur verið skráður á Peppol netið birtist skráning hans (auðkenni) öðrum aðilum sem nýta þjónustu Peppol netsins. Advania skráir kaupanda með Peppol auðkenni, sem er kennitala aðila, nema kaupandi óski eftir annars konar skráningu, t.d. með GLN auðkenni eða sambærilegu. Lögáðilar eru jafnframt skráðir í uppfléttiskrá Peppol (e. Peppol Directory).

Kaupandi getur alltaf afturkallað samþykki sitt fyrir miðlun upplýsinga um auðkenni á Peppol viðskiptanetið með því að hafa samband við Skeytamiðlun Advania á [etrade@advania.is](mailto:etrade@advania.is).

Á Peppol viðskiptanetinu er eingöngu hægt að miðla skeytum í gildandi tækniúmgjörðum. Kaupandi veitir Advania, sem Peppol þjónustuveitanda, umboð til að formbreyta gögnum kaupanda með vörpun í þeim tilgangi að uppfylla formkröfur Peppol viðskiptanetsins til gagna, sbr. 24. gr. reglugerðar nr. 505/2013 um rafræna reikninga o.fl.

Yfirvald Peppol (e. Peppol Authority) á Íslandi er Fjársýsla ríkisins (fjs.is) og hefur eftirlit með notkun Peppol viðskiptanetsins á Íslandi.

## 7. Vanefndir og úrræði

Ef kaupandi brýtur ákvæði skilmála þessa um aðgengi að Skeytamiðlun Advania hefur Advania rétt til að svipta hann aðgengi að Skeytamiðlun Advania og þar með talið að Peppol viðskiptanetinu.

Kaupandi ber alla ábyrgð á því tjóni sem hann eða aðrir kunna að verða fyrir vegna fyrrgreindrar sviptingar aðgengi, þar á meðal tjóni sem Advania hefði að öðrum kosti verið talinn bera ábyrgð á. Um vanefndir að öðru leyti fer samkvæmt ákvæðum almennra viðskiptaskilmála Advania.

## 8. Stílsnið

Hægt er að nota tilbúin stílsnið til að birta skjöl á lesanlegu formi (t.d. PDF). Í Skeytamiðlun Advania eru sjálfgefin stílsnið fyrir helstu umgjarðir.

Kaupandi hefur val um að bæta við sínu eigin vörumerki á sölureikninga.

Kaupandi getur óskað eftir notkun sértækra stílsniða samkvæmt hans útlitsreglum (t.d. fyrir sölureikninga og/eða kreditreikninga). Advania ábyrgist þó ekki notkun þess stílsniðs eða að það uppfylli þarfir kaupanda. Sérnið kaupanda eru á ábyrgð hans.

## 9. Önnur þjónusta

### 9.1. Notendaþjónusta

Advania veitir kaupanda notendaþjónustu með tvennum hætti, símleiðis í gegnum þjónustuborð Advania í síma 440 9000 og um tölvupóst á netfangið [etrade@advania.is](mailto:etrade@advania.is).

### 9.2. Lagfæringar, breytingar

Komi upp atvik sem kaupandi telur að sé galli í virkni Skeytamiðlunar Advania skal hann án ástæðulauss dráttar tilkynna Advania um atvikið með því að senda tölvupóst á netfangið [etrade@advania.is](mailto:etrade@advania.is). Ef Advania fellst á að umrætt atvik kalli á lagfæringar á kerfinu mun félagið framkvæma þær.

## 10. Rekstrarviðmið

Uppitímaviðmið fyrir Skeytamiðlun Advania er 99,95% að frátöldum tíma fyrir skipulagt viðhald (niðritíma).

Kaupandi getur fengið aðgang að prófunarumhverfi ef hann óskar þess en engin ábyrgð er á

uppitíma eða virkni prófunarumhverfis.

### 11. Þróun, viðhald og uppfærslur

Viðhald, þróun og uppfærslur Skeytamiðlunar Advania eru alfarið á forræði Advania, þar á meðal ákvörðunarvald um breytingar og nýjungar í Skeytamiðlun Advania, hvort sem þær eru að frumkvæði Advania eða annarra. Í ákveðnum tilvikum, s.s. vegna öryggisástæðna, getur verið nauðsynlegt að sinna viðhaldi og þróun án fyrirvara.

Advania ber ekki ábyrgð á því ef þróun Skeytamiðlunar Advania hefur þær afleiðingar að nauðsynlegt verður fyrir kaupanda að framkvæma breytingar á því sem hann nýtir til samskipta við Skeytamiðlun Advania, svo sem vélbúnað eða hugbúnað, þar á meðal frá þriðja aðila, né tekur Advania á neinn hátt þátt í kostnaði sem mögulega hlýst af því.

Advania skal upplýsa kaupanda um meiri háttar breytingar á Skeytamiðlun Advania sem Advania telur að muni kalla á slíkar breytingar hjá kaupanda.

### 12. Gallar, bilanir, ábyrgð og takmörkum ábyrgðar

Minniháttar gallar sem kunna að koma upp í hugbúnaðinum en trufla ekki Skeytamiðlun Advania eða virkni þess á alvarlegan hátt eða um verulegan tíma teljast ekki fela í sér vanefnd af hálfu Advania á samningi um Skeytamiðlun Advania.

Advania ábyrgist gagnvart kaupanda að hafa fulla ráðstöfunarheimild yfir því sem Advania leggur til samkvæmt samningnum, þ.e. aðgang að Skeytamiðlun Advania og aðra þjónustu sem hann tekur að sér að inna af hendi. Advania ber hins vegar enga ábyrgð á göllum eða bilunum, hverju nafni sem slíkt nefnist, í hugbúnaði, vélbúnaði, netkerfum eða öðru sem lögð eru til af kaupanda eða þriðja aðila.

Kaupandi ábyrgist gagnvart Advania að hann hefur fulla ráðstöfunarheimild yfir þeim rafrænu skeytum sem hann nýtir Skeytamiðlun Advania til að flytja. Kaupandi ber gagnvart Advania ábyrgð á hverjum þeim afleiðingum sem verða af annarri notkun kaupanda á Skeytamiðlun en þeirri sem er í samræmi við skilmála þessa og telja verður eðlilega og sanngjarna. Kaupandi skuldbindur sig til að halda Advania skaðlausu af hverjum þeim kröfum sem beint er að Advania og tengjast rafrænum skeytum kaupanda sjálfs.

Um ábyrgð Advania sem milligönguaðila í rafrænum viðskiptum gilda ákvæði laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, nú V. kafla laga nr. 30/2002.

Bótaábyrgð Advania er bundin því skilyrði að beint og ótvírætt tjón kaupanda megi rekja til mistaka og gáleysis Advania eða starfsfólks þess. Advania ábyrgist ekki tjón kaupanda eða skráðra notenda á þeirra vegum, t.d. viðskiptavina eða starfsfólks, sem verður við það að aðrir komast yfir aðgang að eða misnota Skeytamiðlun Advania, eða önnur kerfi tengd Advania, eða upplýsingar í slíkum kerfum. Bótaábyrgð Advania takmarkast við jafnvirði þeirrar þóknunar sem kaupandi hefur sannanlega greitt til Advania fyrir þjónustuna sem tjónið tengist á síðustu þremur mánuðum fyrir það atvik sem orsakaði umrætt tjón.

### 13. Hugverkaréttindi

Skeytamiðlun Advania og tengd gögn sem stafa frá Advania, í núverandi mynd og þeirri mynd sem kerfið kann að taka á sig í framtíðinni, eru alfarið einkaeign hans að öllu leyti, þar á meðal notkunarleiðbeiningar, kynningar- og kennsluefni, sem og verklag og vinnubrögð, sem kaupanda eða starfsfólki hans kann að verða kynnt. Advania á allan hugverkarétt, þar með talinn höfundarrétt, að öllum slíkum gögnum, búnaði og efni. Advania veitir kaupanda afmarkað leyfi til notkunar þessa búnaðar eftir því sem nánar er kveðið á um í samningnum og nauðsynlegt er til að framkvæma það sem í honum greinir. Notkunarleyfi þetta fellur að fullu og öllu niður um leið og samningur milli aðila fellur úr gildi.

Með skilmálum þessum öðlast kaupandi eða aðrir en Advania engan höfunda- eða hugverkarétt að Skeytamiðlun Advania eða öðrum hugbúnaði eða hugverkum sem tengist eða kann að tengjast Skeytamiðlun Advania, þar með töldum hverjum þeim séraðlögunum eða sérsmíði sem kann að verða bætt við Skeytamiðlun Advania, hvort sem slíkt verður gert að frumkvæði Advania eða af

öðrum sökum.

Í sumum tilvikum kunna að vera aðgangshindranir eða aðrar öryggisráðstafanir í Skeytamiðlun og er kaupanda óheimilt að breyta eða sneiða hjá slíkum hindrunum. Einnig er kaupanda óheimilt að breyta eða eyða upplýsingum frá Advania er varða réttindi, vörumerki eða annað þess háttar. Ber kaupanda að leita tiltækra leiða til að koma í veg fyrir að starfsfólk hans eða aðrir breyti eða sneiði hjá framangreindum hindrunum eða breyti fyrrgreindum upplýsingum.

#### 14. Persónuvernd

Kaupandi er ábyrgðaraðili og Advania vinnsluaðili sérhverra þeirra persónuupplýsinga sem kann að vera að finna í þeim rafrænu skeytum sem kaupandi sendir með aðstoð Skeytamiðlunar Advania. Aðilar skuldbinda sig til að virða skyldur og réttindi hvors annars samkvæmt ákvæðum laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Þá munu aðilar gera með sér samning um vinnslu persónuupplýsinga í samræmi við ákvæði fyrrnefndra laga, ef umsamin þjónusta felur í sér vinnslu persónuupplýsinga.

Advania er nauðsynlegt að vinna þær upplýsingar sem finna má í rafrænum skeytum í Skeytamiðlun Advania til að gegna hlutverki sínu sem rekstraraðili kerfisins. Þessar upplýsingar eru einkum notaðar til að tryggja rekjanleika færslna og við aðra eðlilega starfsemi tengda Skeytamiðlun Advania.

#### 15. Undirverktakar

Advania er heimilt að fela öðrum aðila að annast fyrir sína hönd vinnu við einstaka, afmarkaða þætti samnings um Skeytamiðlun Advania. Nýti Advania þá heimild sína dregur það í engu úr þeirri ábyrgð sem hann ber gagnvart kaupanda samkvæmt samningi um Skeytamiðlun Advania.

*Skilmálar þessir gilda frá og með 1. desember 2022. Gildandi útgáfu þeirra má ávallt finna á vefsíðu Skeytamiðlunar Advania.*